

## **Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði**

### **1. gr.**

#### **Notendur þjónustunnar**

Akstursþjónusta fatlaðs fólks þjónar þeim íbúum Hafnarfjarðar sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar.

Umsækjandi um akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum skal uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- a) Er hreyfihamlaður og þarf að nota hjólastól.
- b) Er blindur og getur ekki notað önnur farartæki.
- c) Er ófær um að nota almenningsfarartæki vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Skilyrði fyrir veitingu akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum er að fötlun umsækjanda falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og að umsækjandi eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum. Þeir umsækjendur sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum. Þó er heimilt að veita undanþágu frá framangreindu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem þeir hafa til umráða og skal þá miða við tilfallandi ferðir skv. grein 6. Þeir sem nota akstursþjónustu Blindrafélagsins geta ekki jafnframt átt rétt til akstursþjónustu skv. þessum reglum. Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára. Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir og notað akstursþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á því áfram á meðan þörf krefur.

### **2. gr.**

#### **Akstursþjónusta fyrir fötluð börn**

Forráðamenn barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn vegna tómstunda, læknisferða, sjúkrabjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en sex ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð foreldra að útvega hann. Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

### **3. gr.**

#### **Umsóknir og gildistími**

Skilyrði er að umsækjandi um akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum eigi lögheimili í Hafnarfirði. Umsókn um akstursþjónustu fatlaðs fólks skal senda til fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálasviðs geta óskað eftir læknisvottorði þegar þörf er á nánari upplýsingum um fötlun umsækjanda. Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika. Tímabil samþykkis umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins.

Umsækjanda ber að upplýsa um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er fjölskyldu- og barnamálasviði heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir akstursþjónustu.

### **4. gr.**

#### **Þjónustutími**

Þjónustutími akstursþjónustu fatlaðs fólks er frá kl. 06:30 til kl. 24:00 alla daga vikunnar.

Akstur á stórhátíðardögum er frá kl. 10:00 til kl. 22:00. Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

#### **5. gr.**

##### **Réttur til þjónustu**

Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.

#### **6. gr.**

##### **Pantanir/afpantanir**

Notendur skrá pantanir á netinu eða í gegnum síma þjónustuvers Hópbíla. Tekið er á móti pöntunum alla daga á opnunartíma þjónustuvers. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. tveggja klukkustunda fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er. Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða hæfingar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða. Fastar ferðir eru ferðir sem er skipulagðar fram í tímann að lágmarki fyrir kl. 16 daginn fyrir ferð. Tilfallandi ferðir eru ferðir sem notandi skipuleggur með skömmum fyrirvara.

Ekki er tryggt að unnt sé að veita þjónustu vegna hópferða nema þær séu pantaðar með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Hópur telst vera fjórir einstaklingar eða fleiri en hver einstaklingur greiðir eftir sem áður fyrir sig. Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Pöntun ferða til og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, á að hafa borist verkta ka a.m.k. þremur virkum dögum fyrir áformaðan ferðadag.

#### **7. gr.**

##### **Tilhögun ferða**

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan höfuðborgarsvæðisins. Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir tú mínútur frá umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Miða skal við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hrингja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

#### **8. gr.**

##### **Tímabundið samþykki**

Þegar notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks dvelja tímabundið utan þjónustusvæðis akstursþjónustunnar og óska eftir akstri þar sem þeir eru staddir, er það heimilt ef fyrirriggjandi er samþykkt frá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar um akstursþjónustu. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki í þrjá mánuði. Íbúar annarra sveitarfélaga en Hafnarfjarðar sem óska eftir akstursþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði vegna tímabundinnar dvalar þar geta sótt um að fá akstursþjónustu fatlaðs fólks hjá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar að því tilskildu að þeir hafi samþykkt fyrir henni í lögheimilissveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag greiði kostnað við ferðir.

#### **9. gr.**

##### **Aðrir farþegar og aðstoðarmenn**

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann. Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald. Geti notandi ekki ferðast einsamall, getur akstursþjónustan krafist aðstoðarmanns með honum. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

#### **10. gr.**

##### **Gjald og þjónustusvæði**

Gjald fyrir hverja fasta ferð skal vera samsvarandi hálfu almennu fargjaldi hjá Strætó bs. Gjald fyrir tilfallandi ferðir er almennt fargjald hjá Strætó bs og greitt er tvöfalt almennt fargjald fyrir ferðir sem ekki eru afpantaðar með fyrirvara.

Þjónustusvæði akstursþjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

#### **11. gr.**

##### **Öryggi**

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Ökumaður skal jafnframt sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að vera vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðaþjónustu sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi umsækjandi gerst sekur um brot á ákvæðum annarra laga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns. Við ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

#### **12. gr.**

##### **Málsmeðferð**

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

#### **13. gr.**

##### **Upplýsingaöflun og samvinna**

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga fer fram í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

#### **14. gr.**

##### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau

mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

#### **15. gr.**

##### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Hafnarfjarðar. Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar.

#### **16. gr.**

##### **Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að fjölskylduráð Hafnarfjarðar fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til ráðsins frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina. Fjölskylduráð Hafnarfjarðar skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun fjölskylduráðs Hafnarfjarðar er kynnt umsækjanda skriflega og um leið er honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

#### **17. gr.**

##### **Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs Hafnarfjarðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

#### **18. gr.**

##### **Gildistaka**

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarðandi stuðningsþarfir. 1. júní 2020.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 5.júní 2020 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 10.júní 2020